

Fréttatilkynning Samtaka um betri byggð

vegna samkomulags ríkis og borgar um innanlandsflug

Vonbrigði að Glæstri framtíð sé frestað um 6-8 ár

Samtök um betri byggð (BB) harma samkomulag ríkis og Reykjavíkurborgar um 6 ára frestun á lokun NS brautar á flugvellið í Vatnsmýri. Með forsætisráðherrann og þrjá borgarstjóra Reykvíkinga í broddi fylkingar sameinast ríki og borg um að hafa að engu niðurstöðu úr almennt atkvæðagreiðslu í Reykjavík árið 2001 um að flugvöllur hverfi úr Vatnsmýri fyrir árslok 2016. Niðurlæging borgarbúa er fullkomnuð með aðild einkarekins hlutafélags að samkomulagi ríkis og borgar.

Að mati BB markar samkomulagið dapurleg tímamót í síðari tíma stjórnmalasögu Íslendinga. Það vekur m.a. upp áleitnar spurningar um sjálfsákvörðunarrétt íslenskra sveitarfélaga og varpar skugga á sjálft lýðræðið í landinu.

BB telja að þetta samkomulag sé jafnómarktækt og falskt og fyrri samningar ríkis og borgar um Vatnsmýri frá 1999 og 2005 því á móti mikilli eftirgjöf borgarinnar kemur ekkert mótframlag annað en endurnýtt og margsvikin fyrirheit ríkisins.

Samkomulagið hefur verið lengi í smíðum. Í Samgönguáætlun 2011-2022 er lögfest nær algert fjársvelt til höfuðborgarsvæðisins í meira en áratug, til ársins 2022, en á sama tíma leggur ríkið höfuðáherslu á amk. þrenn óarðbær jarðgöng á landsbyggðinni fyrir amk. 40 milljarða kr.

Í tillögu að Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er síðan tekið fullt tillit til hamlandi ákvæða Samgönguáætlunar varðandi uppbyggingu í Vatnsmýri, sem á ekki að hefjast að neinu marki fyrr en eftir 2022.

Holskefla rakalauss áróðurs hollvina flugvallarins annars vegar og hins vegar algert aðgerðarleysi borgaryfirvalda til að verja almannahag Reykvíkinga, td. með viðeigandi svörum og upplýsingum í fjölmiðlum, smellpassa inn í sérhannaða atburðarás. Þegar BB gagnrýna nú þetta samkomulag er svarað: „Hvað gátum við annað gert, tókuð þið ekki eftir vel heppnaðri undirskriftasöfnun?“ Þannig réttlæta borgaryfirvöld afarkosti í óþörfum nauðarsamningi við ríkið.

Undirskriftaviðhöfn í Hörpu þann 25. október sl. var því eins og hvert annað lokaatriði í leikþætti stjórnmalaelútnar. Aðalhöfundur er Dagur B Eggertsson, sem hefur setið allt í kring um borðið á yfirstandandi kjörtímabili sem varaformaður Samfylkingarinnar á leið í landsmálin, sem formaður borgarráðs Reykjavíkur og sem formaður samgönguráðs ríkisins. Það veldur BB mikum vonbrigðum að hér með sé glæstri framtíð frestað um amk. 6-8 ár.

Orðalag í samkomulaginu um að NS-braut flugvallarins fái að vera í Vatnsmýri til ársins 2022 skuldbindur aðeins borgina en ekki ríkið. Það táknar ekki að ríkið muni sætta sig við brottför flugvallarins þegar þar að kemur. Enda gerir ríkið það að skilyrði að staður finnst fyrir nýja miðstöð innanlandsflugs á höfuðborgarsvæðinu. Ákvörðun er ýtt inn í fjarlæga framtíð og öllum möguleikum ríkisins er haldið opnum til að svíkjast undan og draga lappirnar.

BB ítreka að frestun á brottför flugvallarins gengur gegn víðtækum almannahagsmunum. Í sameiningu tapa ríki og borg m.a. mörgum tugum milljarða króna á frestuninni því mikill þjóðhagslegur ávinningur felst í að nýta sem fyrst byggingarlandið í Vatnsmýri.

Frestunin kollvarpar meginmarkmiði AR 2010-2030 um þéttingu byggðar því útpensla á höfuðborgarsvæðinu mun halda áfram nánast óheft og vítahringur bílasamfélagsins mun herðast að sama skapi. Fyrirheit um mannvænt, skilvirkt og menningarlegt borgarsamfélag fölna.

Samtökin benda á að fyrir Reykvíkinga er í raun ekki um neitt að semja við ríkið, sem tók Vatnsmýrarlandið af þeim með ólögnum hætti 1946 og hefur hvorki greitt lóðarleigu né skaðabætur vegna gríðarlegs tjóns af flugvelliðum í 67 ár. En skipulagsrétturinn er alfarið hjá Reykvíkingum, sem kusu með því árið 2001 að flugvöllurinn færi fyrir árslok 2016!

Frá 1946 hefur ríkið með blygðunarlausum hætti misbeitt illa fengnu valdi misvægis atkvæða til að halda Reykvíkingum og kjörnum fulltrúum þeirra við efnið í Vatnsmýrarmálinu. Afleiðingin er eitt óskilvirkasta borgarsamfélag heims. Uppsafnað tjón á lýðveldistímanum er næstum ólýsanlegt. Þó er ljóst að það nemur þúsundum milljarða kr. og sömuleiðis að það er ein helsta ástæða þess að lífskjör Íslendinga eru og hafa verið lakari en ella áratugum saman.

BB benda á að borgaryfirvöld kjósa að víkja víðtækum almannahag til hliðar með þessu samkomulagi, sem er sérsniðið að þröngum og léttvægum sérhagsmunum landsmálaflokka (fjórflokksins) og að pólitískum einkahagsmunum helstu persóna og leikenda á sviði stjórnmálanna.

Markmið í 1. gr. Skipulagslaga 2010 ná ekki fram að ganga, að sjálfbær þróun, hagrur heildarinnar, efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir borgarbúa, heilbrigði þeirra og öryggi verði höfð að leiðarljósi.

Reykjavík 27. október 2013
framkvæmdastjórn Samtaka um betri byggð